

Valið fer fram rafrænt og þið nálgist rafrænt val inni á Google Classroom. Þar hafið þið tækifæri til að velja einu sinni. Hver nemandi velur 10 valgreinar og setur í val 1 það sem hann langar mest í og svo koll af kolli. Það þurfa allir að vera búnir að velja fyrir lok þriðjudagsins 17.apríl. Skoðið vel þær valgreinar sem eru í boði og ræðið við foreldra ykkar hvaða valgreinar þið hafið áhuga á að velja. Valgreinar eru kenndar í 2 kennslustundir (80 mín.) ýmist á haustönn eða vorönn. Valgreinarnar heimanám og nemendaráð og nefndir eru heilsársgreinar og kenndar í 1 kennslustund (40 mín) allt árið.

Ágæti nemandi.

Þetta er kynning á skipulagi valgreina næsta vetur. Valið skiptist í tvennt:

- A – val sem er óbundið val, kennt eftir hádegi og byggir að miklu leyti á list- og verkgreinum og íþróttum.
- B – val sem er bundið val, kennt í smiðju.

Vikulega eru kjarnagreinar 30 kennslustundir, óbundið val 5 kennslustundir og bundið val 2 kennslustundir. Samanlagt hafa nemendur 9. bekkja 37 kennslustundir á viku að jafnaði yfir veturinn. Óbundin valgrein telst sem 1 stund og er oftast kennd í tvöföldum kennslustundum hálfan veturinn nema annað sé tekið fram.

Sú nýbreytni hófst skólaárið 2017-2018 á kennsluháttum í 9. bekk að tvær stundir af valgreinum verða kenndar í smiðju ásamt íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði. Þetta þýðir að þessar námsgreinar verða kenndar með samþættingu í lotubundnum smiðjum ásamt tveimur valstundum sem kenndar hafa verið í bundnu vali. Það val verður kynnt þegar líður að því í smiðju. Enska, danska og stærðfræði verða kenndar í bekk samkvæmt stundaskrá eins og verið hefur.

Heimilt er að meta nám í tómsundum s.s. íþróttaiðkun eða í nám listgreinum. Það veitir niðurfellingu á tveimur óbundnum valstundum, A - vali. Nemendur sem þess óska merkja við það á valblaði sínu. Vottorði um námið þarf að skila í haust þegar skóli byrjar. Aðeins verður tekið við vottorði á fyrstu vikum skólaársins enda er stundaskrá skipulögð fyrir allan veturinn.

Lestu vel lýsingar á valgreinum. Ekki er víst að hægt verði að kenna allar valgreinar ef ekki fást nógu margir nemendur í hóp. Eins er möguleiki á að bæta við hópum vegna fjölda. Stundum rekast valgreinar á þegar kemur að því að útbúa stundatöflu nemanda og þá er litið til þess sem valið er til vara. Það sem nú á að velja er óbundna valið sem kennt er eftir hádegi og raðast á stundaskrá nemenda mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga eða föstudaga.

Athugaðu að breytingar á vali þarf að gera innan viku frá skólabyrjun. Sami skilafrestur er á vottorði vegna niðurfellingar á vali.

Yfirlit:

Smiðja 14 st.	íslenska 6 st.	stærðfræði 5 st.
	náttúrufræði 3 st.	íþróttir og sund 3 st.
	samfélagsfræði 3 st.	lífsleikni 1 st.
	bundið val 2 st.	samtími 1 st.
	enska 4 st.	óbundið val 5 st.
	danska 4 st.	Valgreinar samtals 7 st.
		Víkustundir samtals 37 st.

Til upplýsingar: Stefnt er að því að nemendur sem standa vel í sundi geti lokið sundprófi 10. bekkjar í 9. bekk. Þeir sem hafa áhuga á því merkja við það á valblaðinu.

Brynja Baldursdóttir, deildarstjóri unglíngadeildar

A – VAL – ÓBUNDIÐ

Badminton – 1 st.

Grunnatriði í badminton; grip, uppgjafir og háhögg. Farið verður í tækniæfingar og spil. Markmiðið er að fá sem mesta hreyfingu og virkni í kennslustundum og að nemendur nái færni í badminton sem gerir þeim kleift að stunda badminton sem heilsurækt og sér til ánægju. Kennst verður í tvöföldum kennslustundum hálfan veturinn.

Námsmat er fólgið í frammistöðu, virkni og ástundun.

Boltaval – 1 st.

Æfðar verða boltaíþróttir; blak, fótbolti, handbolti og körfubolti. Reglur og uppstillingar, uppgjafir, sendingar og varnir. Farið verður í ýmsa skotleiki eins og skotbolta, dodgeball, gryfjubolta og brennó.

Námsmat er fólgið í mati á frammistöðu, virkni og ástundun.

Dómaranám – 1st.

Boðið verður upp á formlegt dómaranám í vali í 9. og 10. bekk skólarárið 2018-2019. Námið gefur unglíngadómararéttindi hjá KSÍ. Dómaranámið er þannig uppbyggt að farið verður yfir knattspyrnulöggin, horft verður á myndbönd sem tengjast dómgæslu. Þá verður einnig verkleg kennsla og nemendur fara í þrekpróf. Farið verður á leiki m.a. á Reykjavíkurmóti eða Bose æfingamóti og fylgst með störfum dómarsins ásamt því að farið verður í vettvangsferð í KSÍ.

Námsmat byggist á ástundun og prófi en til að hljóta fullgild réttindi í lok námskeiðsins þarf nemandinn að ná einkunninni 7 á skriflegu prófi.

Fjölmiðlun:

Í valgreininni fjölmiðlun fá nemendur þjálfun í ýmsu sem tengist starfi innan fjölmiðla. Nemendur fá þjálfun í textaskrifum og vinna m.a. fréttir sem birtast á heimasíðu Langholtsskóla. Nemendur munu einnig fá þjálfun við önnur fjölmiðlaform þar á meðal að birta myndskreið á vefmiðlum. Í valgreininni verður lögð áhersla á textaskrif, undirbúningur fyrir viðtöl, mynda- og myndbandsupptökur og fleira. Þá fer hópurinn í vettvangsheimsókn í fjölmiðlafyrirtæki og fjölmiðlamenn koma í heimsókn.

Námsmat byggist á ástundun og virkni nemenda í þeim verkefnum sem lögð verða fyrir.

Glerlist – 1 st.

Nemendur læra nokkrar aðferðir við gerð nytjahluta og skrautmuna úr gleri. Nemendur vinna með eigin hugmyndir, læra að skera, lita og forma gler fyrir bræðslu í ofni. Unnin verða mósaíkverkefni og endurvinnsla glers, t.d. í skartgripagerð. Glerlistarvalið er aðeins hægt að velja einu sinni í unglíngadeild.

Námsmat: Frammistaða og virkni hvers nemanda verður metin í lok námskeiðs.



Heimanám – 1 st.

Athugið að heimanámsval er aðeins fyrir þá nemendur sem þurfa á aukaaðstoð að halda við heimanámið. Haft verður samráð við umsjónarkennara fyrir þá nemendur sem velja heimanámsaðstoðina. Aðstoð við heimanám verður einu sinni í viku allan veturinn. Mætingarskylda hvort sem eitthvað er fyrirbyggjandi eða ekki. Hægt er að fá viðbótarverkefni í því sem nemendur þurfa að leggja aukna áherslu á.

Námsmat: Umsögn byggð á ástundun námsins.

Heimilisfræði A. Kanntu brauð að baka? – 1 st.

Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum bakstri. Aðaláherslan verður á brauðbakstur með ýmiss konar

útliti og bragði. Einnig verður kökutími. Kennt verður í 2 kennslustundir í heila önn.
Námsmat byggir á símati í tímum.

Heimilisfræði B. Matreiðsla. – 1 st.

Nemendur fá þjálfun í að matreiða fjölbreyttan, girnilegan og góðan mat. Undir lok hvernar kennslustundar er sameiginlegt borðhald sem lýkur með frágangi allra í hópnum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu og tillitssemi innan hópsins. Nemendur vinna sjálfstætt eftir að kennari hefur farið yfir vinnuferlið og mikið er lagt upp úr að matur sé snyrtilega fram borinn og frágangur til fyrirmyndar. Kennt í 3 stundir, 10-12 skipti á einni önn.

Námsmat byggir á símati í tímum.



Hjólaval – 1 st.

Kennt á haustönn í lotu og gert ráð fyrir tveimur hjólaferðum á viku. Farið verður í lengri og styttri ferðir um borgina og stundum verða kennslustundirnar þrjár eða fjórar samfelld og því verður lokið við þessa valgrein í október. Nauðsynlegt er að hafa hjól í góðu lagi og í upphafi verður farið yfir búnað. Hjálmur er skilyrði.

Námsmat er fólgið í frammistöðu, virkni og ástundun.

Hreysti – 1 st.

Þol – kraftur – liðleiki

Hreystivalið er fyrir þá sem hafa áhuga á hreyfingu, hreysti og góðri heilsu. Útihlaup og styrktaræfingar í sal skólans. Einnig verður farið í frjálssar íþróttir og leiki. Farið verður í skólahreystibrautina við Laugardalslaug, boot-camp og krossfit. Nemendur kynnast því á skipulagðan hátt hvernig auka má þætti eins og þol, styrk og liðleika. Markmið nemenda geta verið mismunandi. Hreystivalið er kennt á haustönn og tekur nokkuð mið af tímasetningu Skólahreysti sem er venjulega í mars. Æskilegt er að þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í Skólahreysti velji hreystivalið.

Námsmat er fólgið í mati á frammistöðu, virkni og ástundun.

Hreysti 2– 1 st.

Þol – kraftur – liðleiki

Hreysti 2 er fyrir þá sem hafa tekið Hreysti að hausti og koma til greina í Skólahreysti lið skólans. Hreysti 2 verður kennt í 6 vikna lotu frá janúar og fram að þátttöku í Skólahreysti í mars. Útihlaup og styrktaræfingar í sal skólans. Einnig verður farið í frjálssar íþróttir og leiki. Farið verður í skólahreystibrautina við Laugardalslaug, boot-camp og krossfit. Nemendur kynnast því á skipulagðan hátt hvernig auka má þætti eins og þol, styrk og liðleika.

Æskilegt er að þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í Skólahreysti velji hreystivalið að hausti.

Námsmat er fólgið í mati á frammistöðu, virkni og ástundun.

Hönnun og smíði – 1 st.

Lögð er áhersla á verkefni sem nemendur hanna sjálfir og gera sér vinnuáætlun um frá upphafi til enda. Nemendur vinna út frá hugmyndum sínum, útfæra þær og fullgera eftir því sem hentar viðfangsefnum s.s. smíðavið, leður, málm eða plast. Sóttur verður efniviður í skóg til notkunar í handverki, svo sem tálgun. Kennari leggur valin verkefni fyrir þar sem ákveðin verktækni er þjálfuð en gera má ráð fyrir nokkrum sveigjanleika í verkefnavali.

Námsmat byggist á vinnu nemenda, frumkvæði, úrvinnslu hugmynda og verkefnum.

Jóga – 1 st.

Farið verður í undirstöðuatriði ashtangajóga. Hópurinn verður hristur saman með hópeflisæfingum. Nemendur þurfa að mæta í þægilegum klæðnaði. Dýnur í eigu skólans verða notaðar en nemendur mega notast við eigin jógamottur ef þeir vilja.

Námsmat: Ástundun og þátttaka metnar til umsagnar.

Leiklist – 1 st

Í leiklist er m.a. lögð áhersla á að nemendur:

- þjálfist í framkomu, framsögn og spuna.
- styrki sjálfsmynd sína.

Í leiklist er unnið með spuna og ýmiss konar leiki og gert ráð fyrir að nemendur standi upp, hreyfi sig og taki þátt í öllum tímum. Það er alls ekki skilyrði að hafa leikið eða komið fram áður, en leiklistin er góð leið til þess að yfirbuga feimni og styrkja sjálfsmynd. Einnig er unnið með framsögn og tjáningu gegnum leik og spuna.

Námsmat er m.a. byggt á ástundun og þátttöku í kennslustundum.

Leir – 1 st.

Nemendur vinna með hluti úr jarðleir sem brenndir verða í leiðofni. Unnið verður eftir ákveðnu vinnuferli, áhersla verður lögð á skreytingar með mismunandi glerungum og mynstrum. Nemendum gefst kostur á að vinna nytjahluti svo sem bolla, diska og skálar sem og leirstyttur. Heimsókn í vinnustofu listamanns.

Námsmat er fólgið í mati á ástundun, virkni, sjálfstæði í vinnubrögðum og úrlausn verkefna.

Málmsmíði – 1 st.

Verkefni verða unnin úr góðmálum. Í byrjun verða unnin einföld verkefni til þess að nemendur kynnist vinnuaðferðum við málmsmíði. Föst verkefni frá kennara þar sem nemendur velja útfærslu með formhönnun innan hvers verkefnis.

Námsmat byggist á vinnu nemenda, frumkvæði, úrvinnslu hugmynda og verkefnum.

Nemendaráð og nefndir

Þessi valgrein er kennd í samvinnu við fulltrúa frá Þróttheimum. Þeir nemendur sem hafa áhuga á að vera fulltrúar unglingsdeildar í nemendaráði og nefndum í skólanum og Þróttheimum skólaárið 2018-2019. Mikið verður lagt upp úr hópefli og hvernig nýta má krafta mismunandi einstaklinga.

Markmiðið er að efla ungmenni til jákvæðra samskipta og þjálfra samskipta- og leiðtogafærni. Lögð er áhersla á að hver og einn fá að njóta sín og byggja upp og finna sínar sterku hliðar.

Námsmat: Símat yfir önnina. Ástundun, þátttaka, frumkvæði og sjálfstæði í vinnslu verkefna.

Plasthönnun – 1 st.

Nemendur hanna og útfæra verkefni í PS plast, sem er þannig að hægt er að forma það í ofni.

Plastið er í plötum sem settar eru í ramma og sogformað á þar til gerðu áhaldi. Plastið er sett heitt ofan á mótið og látið sogast utanum það. Mótin eru gerð úr MDF efni sem eru harðpressaðar plötur sem auðvelt er að forma. Nemendur smíða sitt eigið mót eða fá mót sem tilheyrir smíðastofunni. Einnig verður unnið í glært plast, plexigler, hitaformað með blæstri eða glóðarþráð. Útsögun á formunum í bandsög verður að vera í höndum kennara en nemendur geta pússað formin í bandslípivél og í höndum. Dæmi um verkefni gæti verið ýmsir nytjahlutir, rafknúinn bíll eða einföld þjófavörn. Við gerð hluta verða nemendur að fara í gegnum ákveðið hönnunarferli sem er hugmynd, hönnun og útfærsla.

Námsmat byggist á vinnu nemenda í tímum, frumkvæði og úrvinnslu hugmynda.

Skapandi myndlist – 1 st.

Val fyrir nemendur sem hafa áhuga á að auka færni sína við að tjá sig á listrænan hátt í myndverki.

Áhersla lögð á málun málverka með olíulitum, vatnslitum og akríllitum. Einnig gefst nemendum tækifæri á að vinna verk með atvinnumanna-tússpennum og/eða blýantsskyggingum. Kennt verður í þreföldum kennslustundum.

Námsmat er fólgið í mati á ástundun, virkni, sjálfstæði í vinnubrögðum og úrlausn verkefna.

Stærðfræði – 1 st.

Val í stærðfræði fyrir nemendur sem vilja styrkja stöðu sína í stærðfræði. Áfanginn er bæði ætlaður þeim sem vilja takast á við frekari áskoranir í stærðfræði sem og þeim sem telja sig þurfa frekari stuðning til að ná tökum á grunnþáttum stærðfræðinnar. Áfanginn er kenndur í eina kennslustund allt árið.

Námsmat byggist á vinnu og ástundun nemandans í kennslustundum.

Textílmenn 1 – 1 st.

Hönnun í textílmenn.

Áhersla er lögð á það að nemendur velji sjálfir viðfangsefnin. Að búa til hluti eða fatnað eftir eigin hugmyndum. Nemendur hafa á undanförunum árum fengið þjálfun á ýmsum sviðum textílmennar sem dæmi má nefna vinna í saumavél, þrjóna, sauma í höndum og mála með textíllitum.

Nemendur í áttunda bekk á þessu ári hafa saumað hettupeysur og sumir hafa þrykkt munstur á þær. Þar er óþægður akur og nemendur sem velja sér textílmenn geta haldið áfram að þróa sig í slíkri vinnu. Það er hægt að hanna fatnað úr gömlum og eins að sauma nýjan. Í þessu vali er líka vettvangur til að breyta fatnaði og gera við. Þeir sem vilja leggja áherslu á þrykk, málun, útsaum eða þæfingu hafa tækifæri til þess.

Nemendur hafa ekki fengið að prófa leðursaum en þeir sem það vilja gera lítil leðurstykki eins og hulstur hvers konar, litlar töskur, armbönd. Eins er hægt að sauma hlífar utan um ipada eða síma, og sauma töskur úr hjólréiðaslöngum.

Þæfing er líka spennandi aðferð sem hægt er að fá að spreyta sig á. Nemendur hafa áður þæft leikbrúður og kunna grunninn sem gaman væri að þróa áfram.

Þeir sem vilja fá áframhaldandi færni í þrjóni hafa tækifæri til þess, og nú er líka möguleiki á að læra hekl sem nemendur hafa ekki fengið að prófa nægjanlega hingað til.

Eins og sjá má að ofan eru það nemendur sem velja viðfangsefnin og tæknina við að koma hugmyndum í verk. Hönnun í textílmenn er fyrir alla og hvet ég eindregið alla sem áhuga hafa á því að leika sér með hönnun í textíl að koma.

Námsmat er fólgið í mati á ástundun, virkni, sjálfstæði og úrlausn verkefna.

Tónlistarval – 1 st.

Í þessari valgrein er fengist við fjölbreytta tónlistariðkun, söng, hljómsveitaræfingar, raftónlist, upptökur og fleira. Nemendur fá tækifæri til að velja sína leið og áherslur í valinu. Stefnt er að þátttöku í viðburðum í skólanum, s.s. Skrekk, árhátíð og viðburðum sem tengjast skólalífínu og Þróttheimum. Í skólanum er mjög góð aðstaða fyrir tónlistarfólk til að æfa sig og efla tónlistarfærni, taka upp og undirbúa efni fyrir útgáfu. Nemendur fá aðgengi að aðstöðu og kennslu í að nota hana. Ekki er nauðsynlegt að kunna á hljóðfæri til að velja tónlistarvalið en áhugi á tónlist, tónlistarflutningi og sköpun á því sviði er mikilvægur.

Námsmat: Frammistaða og virkni hvers nemanda verður metin í lok námskeiðs.

Yndislestur og skapandi skrif – 1 st:

Lesin verður bók/bækur að eigin vali auk þess sem nemendur skrifa sjálfir sína eigin afurð. Markmiðið er að nemendur auki ritfærni sína og skrifi skáldskap. Kjörið fyrir þá sem vilja skrifa skáldskap, einkum sögur, þá sem vilja aðstoð við að byrja að skrifa og þá sem vija fá innblástur.

Námsmat: Umsögn byggð á ástundun námsins og þátttöku.



Ævintýri og útivist – 1 st. Þessi valgrein felur í sér nokkrar ferðir á útivistarsvæði í Reykjavík og nágrenni. Gengið verður á fjöll í nágrenninu og kennd korta- og áttavitanotkun ásamt GPS tækni. Sýndur og prófaður verður búnaður björgunarsveitarmanna og fleira fróðlegt. Nauðsynlegt er að hafa áhuga á útivist og getu og vilja til útiveru í misjöfnu veðri.

Námsmat: Umsögn byggð á ástundun námsins.